

Grunnskóli Snæfellsbæjar

Jafnréttisáætlun

2022-2025



Jafnréttisáætlun Grunnskóla Snæfellsbæjar 2019 - 2022

Jafnréttisáætlun Grunnskóla Snæfellsbæjar byggir á lögum nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 og í Aðalnámsskrá grunnskóla er lögð áhersla á jafnrétti kynjanna og mannréttindi. Einnig er jafnréttisáætlun Snæfellsbæjar höfð til hliðsjónar. Þá tekur jafnréttisáætlun Grunnskóla Snæfellsbæjar mið af stefnumarkandi ritum skólans; skólanámsskrá, starfsmannahandbók og starfsáætlun skólans.

Jafnréttisáætlunin tekur annars vegar til starfsmanna (19.-22. gr.) og hinsvegar til nemenda (22.-23. gr.).

Stefna Grunnskóla Snæfellsbæjar er að gætt sé jafnréttis meðal starfsmanna og nemenda. Hver einstaklingur sé metinn á eigin forsendum án tillits til kyns, aldurs, fötlunar, kynþáttar, kynhneigðar, litarháttar, efnahags, trúarbragða, þjóðernis, skoðana, menningarlegs bakgrunns og stöðu að öðru leyti.

Samskipti einstaklinga eiga að grundvallast á gagnkvæmri virðingu, kurteisi og tillitssemi, sem er forsenda þess að hverjum og einum líði sem best. Gagnkvæmt traust og jákvæð og uppbyggileg samskipti móta framar öðru góðan starfsanda.

Skólastarf í anda jafnréttis tekur mið af mismunandi hæfileikum fólks. Því er haft að leiðarljósi í skólastarfi Grunnskóla Snæfellsbæjar að tækifæri nemenda og starfsfólks byggji fyrst og fremst á hæfileikum og færni.

Ábyrgð

Skólastjóri ber ábyrgð á jafnréttisáætlun skólans, sér um endurskoðun og viðhald hennar. Í aðgerðaáætlun kemur fram hvernig jafnréttisáætlun er framkvæmd, hver eða hverjir bera ábyrgð á einstökum þáttum hennar og hvenær hver þáttur skal unninn.

Jafnréttisáætlun skólans er kynnt fyrir öllum þeim sem að skólastarfinu koma. Stefnan skal kynnt starfsfólki skólans, nemendaráði og skólaráði árlega. Þá ber að kynna hana fyrir foreldrum og leggja áherslu á þann hluta sem snýr að nemendum. Jafnréttisáætlunin skal birt á heimasíðu skólans.

Meginmarkmið

Þess skal gætt í öllu starfi að nemendur og starfsfólk eigi jafnan rétt og beri jafnar skyldur og að einstaklingum sé ekki mismunað.

- ✓ Jafnréttis skal gætt í námi, starfi og starfsmannahaldi
- ✓ Kennsluhættir, námsframboð og viðfangsefni skulu vera fjölbreytt
- ✓ Nemendur skulu fá fræðslu um jafnréttismál
- ✓ Stuðla skal að vellíðan og góðum skólabrag á meðal starfsmanna og nemenda
- ✓ Hvers kyns kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni verða ekki liðin

Framkvæmd

- ✓ Við röðun í nemendahópa skal þess gætt að jafna kynjaskiptingu
- ✓ Unnið skal markvisst gegn stöðluðum kynímyndun í náms- og valgreinum
- ✓ Könnun á líðan nemenda verði lögð fyrir alla nemendur í 4. -10. bekk í nóvember í tengslum við Olweusar – eineltiskönnun skólans. Kannað verður sérstaklega hvort munur er á líðan drengja og stúlkna í skólanum og skýringa leitað.
- ✓ Einkunnir á samræmdum prófum verði greindar með tilliti til kynjamunar og gripið til sértækra aðgerða ef ástæða er til. Þá verði hugað að kennsluháttum, námsefni, samsetningu námshópa og stuðningi.
- ✓ Könnun verði gerð á þátttöku nemenda í hvers kyns tómstundastarfi með tilliti til kynjamunar og viðhorf til náms.
- ✓ Jafnréttissjónarmið verði höfð að leiðarljósi við val á kennsluháttum og námsefni
- ✓ Í skólanámskrárgerð verði sérstaklega hugað að jafnrétti nemenda
- ✓ Í félagsstarfi nemenda verði jafnréttis gætt og tryggt að allir nemendur eigi jafnan rétt til að koma fram fyrir hönd skólans
- ✓ Í tengslum við námsmat skal stoðþjónusta Grunnskóla Snæfellsbæjar og þjónusta við nemendur vera endurskoðuð þar sem sérstaklega er skoðað hvort munur er á þjónustu við nemendur eftir kynjum og í hverju sá munur er fólgin.

Starfsmenn

- ✓ Allir starfsmenn skulu njóta sömu launa- og starfskjara án tillits til kyns (19. gr.)
- ✓ Að konur og karlar fái sömu laun fyrir sömu og jafnverðmæt störf (19. gr)
- ✓ Laus störf standi bæði körlum og konum til boða (20. gr.)
- ✓ Aðgengi til vinnu og vinnuaðstöðu skal vera á jafnréttisgrundvelli
- ✓ Öllum starfsmönnum skal standa til boða fræðsla um hvernig unnið skal með jafnrétti í hópi starfsmanna og nemenda
- ✓ Öllum starfsmönnum sé gert kleift að samræma starfsskyldur sínar og ábyrgð gagnvart fjölskyldu, óháð kyni (21. gr.)
- ✓ Allir starfsmenn eiga rétt á starfsmannasamtali þar sem m.a. verður rætt um jafnrétti til launa og starfa
- ✓ Kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni er ekki liðin (22. gr.)

Nemendur

- ✓ Nemendur skulu hafa jafnan aðgang að upplýsingum, námstilboðum og aðstoð til náms og starfs
- ✓ Komið skal til móts við ólíkar þarfir nemenda með sveigjanlegu skólastarfi og fjölbreyttum kennsluháttum
- ✓ Þess skal gætt að kennsluhættir og námsefni höfði til allra nemenda
- ✓ Unnið skal gegn mismunandi námsárangri eftir kynjum eða hópum
- ✓ Unnið skal með jafnréttisfræðslu í kennslustundum
- ✓ Nemendur eiga rétt á að vinna í fordómalausum umhverfi þar sem hver einstaklingur fær að njóta sín á eigin forsendum
- ✓ Nemendur fá fræðslu og ráðgjöf í tengslum við sömu störf, óháð kyni
- ✓ Kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni er ekki liðin

Aðgerðaáætlun

Starfsmenn

19. gr. Launajafnrétti

Við ákvörðun launa skal þess gætt að kynjum sé ekki mismunað. Konum og körlum skulu greidd jöfn laun og skulu njóta sömu kjara fyrir jafn verðmæt og sambærileg störf. Kynjajafnréttis sé gætt við úthlutun hvers konar þóknunar og hlunninda, beinna og/eða óbeinna. Einnig skulu kynin njóta sömu kjara hvað varðar lífeyris-, orlofs- og veikindarétt og hvers konar önnur starfskjör eða réttindi sem metin verða til fjár sbr. 19. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Að konur og karlar fái jöfn laun og njóti sama kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf.	Úttekt á grunnlaunum, yfirvinnugreiðslum, o.fl.	Skólastjórnendur	Ágúst
	Greina laun og fríðindi starfsmanna	Skólastjórnendur	Ágúst

20. gr. Laus störf, starfsþjálfun, endurmenntun og símenntun

Starf sem er laust til umsóknar skal standa opið jafnt konum sem körlum. Atvinnurekendur skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að konur og karlar njóti sömu möguleika til endurmenntunar, símenntunar og starfsþjálfunar og til að sækja námskeið sem haldin eru til að auka hæfni í starfi eða til undirbúnings fyrir önnur störf.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Laus störf standi bæði körlum og konum til boða.	Vísa í jafnréttisáætlun skólans þegar auglýst er eftir starfsfólki	Skólastjórnendur	Alltaf þegar við á
Eftirfylgni starfsþjálfunar, endurmenntun og símenntun starfsmanna	Fylgst með námskeiðum sem starfsfólk sækir og veita upplýsingar um hvað er í boði	Skólastjórnendur	Alltaf þegar við á

Samræming fjölskyldu- og atvinnulífs

21. gr. Samræming fjölskyldu- og atvinnulífs

Grunnskóli Snæfellsbæjar skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að gera konum og körlum kleift að samræma starfsskyldur sínar og ábyrgð gagnvart fjölskyldu. Þessar ráðstafanir skulu miða að því að auka sveigjanleika í skipulagningu á vinnu og vinnutíma. Þannig sé bæði tekið tillit til fjölskylduaðstæðna starfsmanna og þarfa skólans, þar með talið að starfsmönnum sé auðveldað að koma aftur til starfa eftir fæðingar- og foreldraorlof eða leyfi úr vinnu vegna óviðráðanlegra og brýnna fjölskylduaðstæðna.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Öllum starfsmönnum sé gert kleift að samræma starfsskyldur sínar og ábyrgð gagnvart fjölskyldu, óháð kyni.	Gagnkvæmur sveigjanleiki verði hafður að leiðarljósi við skipulag skólastarfsins. Þá þarf að kynna fyrir starfsfólki áherslur skólans.	Skólastjórnendur	Ágúst
Að foreldrar geti nýtt þann rétt sem þeir eiga til foreldra- og fæðingarorlofs og leyfis vegna veikinda barna	Kynna starfsfólki og verðandi foreldrum, réttindi og skyldur sem þeir hafa í þessum efnum	Skólastjórnendur og trúnaðarmaður starfsmanna	Alltaf þegar við á

Kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni

22. gr. Kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni

Skólastjórnendur skulu gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að starfsfólk verði fyrir kynbundnu ofbeldi, kynbundinni áreitni eða kynferðislegri áreitni á vinnustað.

Ef yfirmaður er kærður vegna ætlaðs kynbundins ofbeldis, kynbundinnar eða kynferðislegrar áreitni verður hann vanhæfur til að taka ákvarðanir í tengslum við starfsskilyrði kæranda á meðan meðferð málsins stendur yfir og skal þá næsti yfirmaður taka slíkar ákvarðanir.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Koma í veg fyrir að starfsfólk og nemendur verði fyrir kynbundnu ofbeldi, kynbundinni áreitni og kynferðislegri áreitni í skólanum	Fræðsla fyrir nemendur og starfsfólk um hvað felst í kynbundnu ofbeldi, kynbundnu áreitni eða kynferðislegu áreitni og hvert skal leita ef slíkt kemur upp	Skólastjórnendur	Árlega að hausti
Vinnsla slíkra mála fari í réttan farveg og fagmannlega unnið ef slík mál koma upp	Unnið er eftir aðgerðaáætlun skólans um kynbundið ofbeldi, kynbundna áreitni og kynferðislega áreitni	Skólastjórnendur	Alltaf þegar við á

Nemendur

23. gr. Menntun og skólastarf

Kynjasambættingar skal gætt við alla stefnumótun og áætlanagerð í Grunnskóla Snæfellsbæjar þar á meðal íþrótta- og tómstundastarfi.

Á öllum skólastigum skulu nemendur hljóta fræðslu um jafnréttismál þar sem m.a. skal lögð áhersla á að búa bæði kynin undir jafna þátttöku í samfélaginu, svo sem í fjölskyldu- og atvinnulífi.

Kennslu- og námsgögn skulu þannig úr garði gerð að kynjum sé ekki mismunað.

Í náms- og starfsfræðslu og við ráðgjöf í skólum skulu piltar og stúlkur óháð kyni hljóta fræðslu og ráðgjöf í tengslum við sömu störf.

Efla skal rannsóknir á stöðu kynjanna í íslensku samfélagi, jafnt fræðilegar grunnrannsóknir sem hagnýtar rannsóknir, og miðla niðurstöðum þeirra markvisst innan skólastarfsins og til fjölmiðla.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Auka þekkingu nemenda um jafnrétti kynjanna	Fræðsla og kennsluefni um jafnrétti	Kennarar	Á hverju skólaári
Vinna gegn stöðlun kynjaímynda	Kynning og fræðsla	Kennarar	Á hverju skólaári
Efla þekkingu kynjanna á jafnri þátttöku í samfélaginu s.s. í fjölskyldu- og atvinnulífi	Vinna verkefni sem tengjast fjölskyldu og þátttöku í samfélaginu	Kennarar og forráðamenn	Á hverju skólaári
Kennsluhættir, kennslu- og námsgögn höfði jafnt til allra nemenda	Kennsluhættir, kennslu- og námsgögn verða valin með jafnrétti í huga	Skólastjórnendur og kennarar	Á hverju skólaári
Nemendur hljóti sömu fræðslu og ráðgjöf varðandi námsmöguleika og störf	Öll fræðsla og ráðgjöf kynnt eins fyrir báðum kynjum	Námsráðgjafi og kennarar	Á hverju skólaári
Unnið skal gegn mismunandi námsárangri eftir kynjum eða hópum	Niðurstöður prófa og kannana verði greindar og leitað leiða til að bregðast við, t.d. með aðkomu stoðþjónustu skólans	Skólastjórnendur, verkefnastjóri stoðþjónustu og kennarar	Að loknu námsmati
Stuðla að vellíðan nemenda í skólanum	Olweusar könnun um einelti og andfélagslega hegðun lögð fyrir nemendur til að kanna almenna líðan nemenda í skólanum	Skólastjórnendur, verkefnastjóri Olweusar og kennarar	Kannanir lagðar fyrir í nóv. í 4. -10. bekk

Samstarf heimilis og skóla

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Að foreldrar taki jafnan þátt í skólastarfinu og starfsfólk skólans sé meðvitað um jafnrétti í samskiptum sínum við foreldra	Hvetja foreldra til að taka þátt í skólastarfinu	Skólastjórnendur, umsjónarkennarar	Á hverju skólaári
	Foreldrar hafi jafnan aðgang að upplýsingum um börn sín	Skólastjórnendur, ritari og umsjónarkennarar	Á hverju skólaári
	Kanna með formlegum hætti hvort foreldrar mæti í foreldraviðtöl	Skólastjórnendur, umsjónarkennarar	Á haust- og vormisseri að loknum foreldraviðtölum
	Skoða skipan foreldraráðs	Skólastjórnendur	Að hausti